Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Bnr. 0-0 K/S 3.1-19
Ábm. Svfr.
Afgr. ( )Bréf ( )St.
Lvm. Trm.

Skipulagsstofnun

Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Kristófer Tómasson
Árnesi
801 Selfoss

Reykjavík, 20. desember 2018
*Tilvísun: 201810064 / 5.1*

---

**Efni: Hótel og baðstaður Reykholti í Þjórsárdal - beiðni um umsögn**

---

Rauðukambar ehf. hafa sent Skipulagsstofnun meðfylgjandi tilkynningu, móttekin 20. desember 2018, um ofangreinda framkvæmd skv. 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Í samræmi við 6. gr. laga nr. 106/2000 og 12. gr. reglugerðar nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum er hér með óskað eftir að Skeiða- og Gnúpverjahreppur gefi umsögn um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 2. viðauka í framangreindum lögum.

Í umsögninni skal koma fram eftir því sem við á, hvort Skeiða- og Gnúpverjahreppur telji að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, mótvægisaðgerðum og vöktun. Einnig óskar Skipulagsstofnun eftir því að í umsögn komi fram, eftir því sem við á, hvaða leyfi framkvæmdin er háð og varðar starfssvið umsagnaraðila.

Umsögnin óskast send Skipulagsstofnun fyrir 11. janúar 2019 og einnig á tölvupóstföngin matthildur@skipulag.is og jakob@skipulag.is.

Matthildur B. Stef.
Matthildur B. Stefánsdóttir

Umsagnaraðilar: Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Ferðamálastofa, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, Minjastofnun Íslands, Orkustofnun, Umhverfisstofnun og Vegagerðin.